


FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 28. júní 2018 | 26. tbl. 16. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI

KRÍUÁS 17A



104 m² 40,9 millj. kr.

Sérlega falleg og björt 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð á þessum vinsæla stað í Áslandi. Örstutt í skóla og leikskóla. Fallegt útsýni.

BREIÐVANGUR 3



114 m² 41,5 millj. kr.

Björt og falleg 114 m², 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð á besta stað í Norðurbænum í þessu eftirsóttá húsi. Stutt í skóla og leikskóla.

KLAPPARHOLT 3



209 m² 79,9 millj. kr.

Sérlega fallegt pallabyggt einbýli með innbyggðum bílskúr. Frábært útsýni yfir fjörðinn og borgina. Mjög fallegur garður, frágenginn.



Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Litla Gæludýrabúðin

Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666

Er á meðan er

Heimsmeistarævintýri Íslands er lokið að sinni

Ágæt stemming var á Thorsplani á þriðjudag þegar sýnt var frá leik Íslands á HM gegn gríðarlega sterku liði Króatíu. Svo bar við að ekki rigndi og kannski hefur það

fælt frá því ekki er hægt að segja að það hafi verið fjölmennt á planinu. En þrátt fyrir grætilegt tap gátu menn borið höfuðið hátt enda sýndu landsliðsmennin okkar

mjög góða takta og með smá heppni hefði sigurinn getað legið okkar megin.

Nú bíða menn eftir sólinni og sumrinu sem vonandi verður snjólétt í ár.



Ágæt stemming var en fremur fámenn á Thorsplani í finu veðri á þriðjudaginn.

sími
842
2217

HELGAPELL
FASTEIGNASALA

A-stöðin

TAXI

Hafnirfska leigubílastöðin

520 1212

Skodaðu tertúirvalið á kakulist.is

Jón Arlúss
KÖKULIST

Kökulist verslunarmiðstöðinni Fífi Hafnarfirði
Kökulist Höfugata 17 Reykjavík
Kökulist Hólaból 2 Garðabær
Kökulist@kokulist.is - 555 66 55

HÖFUM OPNAÐ Í FIRÐI

Mögulega besti ítalski ísinn á Íslandi

OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 12-22
OG UM HELGAR KL. 12-18

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

Ný bátalyfta



Litern.: Guðni Gíslason

Ný bátalyfta Trefja sem auðveldla mun sjósetningu á bátum sem fyrirtækið framleiðir.

Bæjarstjórn í sumarleyfi

Bæjarráð mun annast fullnaðaragreiðslu allra mála á meðan sumarleyfi bæjarstjórnar 2018 stendur, sem ákveðið var á fyrsta fundi hennar 20. júní sl. Stendur sumarfríið til og með 11. ágúst nk. skv. samþykktinni en fyrsti reglubundni fundur bæjarstjórnar eftir sumarleyfi verður þann 22. ágúst. Munu ráðin funda vikuna 12.-18. ágúst nk.

Kynngimagnaður ljóðagjörningur í úrhelli

Gáringarnir töluðu um Úr-Hellisgerði

Ljóðskáldin Eygló Jónsdóttir, Lárus Jón Guðmundsson, Eyrún Ósk Jónsdóttir og Júlía Margrét Einarsdóttir stóðu fyrir ljóðagjörningi á Jónsmessukvöld í Helliggerði í úrhellis rigningu.

„Fólk var að grínast með að við værum stödd í ÚrHelliggerði. Upprunalega hugmyndin var að lesa upp ljóð um og til sólarinnar í tilefni af því að nú er hún hvað hæst á lofti. Við sáum fyrir okkur að vera úti



Endurskoðun á reglum

Bæjarstjórn samþykkti á fyrsta fundi sínum að fela forsetanefnd að hefja strax endurskoðun reglna bæjarins sem lúta að skipan í ráð og nefndir og greiðslur fyrir þau störf. Þeirri endurskoðun á að ljúka fyrir 1. október næstkomandi.

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 1. júlí

Helgistund kl. 11

Orgelleikur, íhugun,
samfélagið um Guðs borð.

Sr. Jón Helgi og Douglas leiða stundina

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



leiðarinn

Þátttaka íslenska landsliðsins í knattspyrnu á heimsmeistararnótinu í Rússlandi hefur verið ævintýri líkast. Þó liðið sé úr leik og hafi ekki náð að vinna leik sýndi það frábæran leik á köflum og áttu alveg eins skilið að sigra í leiknum á móti Króatíu og jafnvel fleirum. Ævintýrið hefur verið íslenskra áhænginga liðsins og í raun lang flestra Íslendinga sem upplifðu og tóku þátt í miklu æði þar sem ýmis þolmörk voru þanin.

Íslenski fáninn var áberandi og setti mikinn svip á umhverfi sitt en það er dapurlegt að upplifa virðingarleysi við þessu þjóðartákni. Fánalögin okkar eru skýr og hvort sem mönnum líkar betur eða ver þá ber okkur að hlýta þeim. En þegar allir geta framleitt fána eða fána í fánalitum þá er ekki undarlegt að illa fari. Skelfilegt var að sjá þegar ýmis merki eru komin á fánann, fáninn hafður í kolvitlausum hlutföllum en verst er þegar hann er notaður eins og gólfuska og engin virðing borin fyrir honum. Það má eflaust létta á ákvæðum í fánalögum en þó er mikilvægara að fólk þekki reglurnar og að við sem þjóð sameinumst um að virða þær.

Það er sannarlega gott að vera stoltur Íslendingur þegar við fylgjum hetjunum okkar og íslenskir áhængendur liðsins hafa staðið þétt við bakið á liðinu og borið merki Íslands hátt á lofti. Því ber að fagna.

En lífið er meira en fótolti og áhorf á fótolta og það kemur dagur eftir þennan dag. Hversdagslegir hlutir eins og samgöngumál á höfuðborgarstofunni. Grátlegt er að umræðan er orðin um nafnið Borgarlína í stað þess að ræða leiðir til að bregðast við auknum umferðarþunga. Við Hafnirfirðingar finnum vel fyrir aukningunni með um 50 þúsund bíla umferð á dag á Reykjanesbraut á milli Lækjargötu og Fjarðarhrauns. Vegagerðin kallar eftir Ofanbyggðarvegi, vegi sem Hafnirfirðingar voru hættir að trúa á og hafa greinilega lítið þrýst á að Garðabær og Kópavogur setji í sitt skipulag. Þó vissulega hafi á síðustu árum verið þrýst á tvöföldun á Reykjanesbraut þá þurfa bæjarbúar að standa betur saman og kalla eftir lausnum. Það vantar enn mislæg gatnamót við Lækjargötu, í Engidal og við Góu sem tengir við Molduhraun og Setberg. Stöndum saman!

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét A. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampestd.

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

í náttúrunni, setjast í grasið og sjá jafnvel bleikan himinn og miðnætersólina fyrir ofan okkur. En þegar við sáum í hvað stefndi þá breyttum við snarlega auglýsingunni og sögðumst ætla að hittast í rigningunni og gera tilraun til að seiða fram sólina í staðinn,“ segir Eygló einn af skipuleggjendum.

Eyrún tekur í sama streng: „Þegar við sáum fram á hvað yrði mikil rigning flýttum við okkur bara í Rúmatalagerinn og keyptum stórt partíjald, skelltum



því upp og fylltum það af seríum og led-kertum og þá var komin ævintýraleig stemming. Við þurftum samt reglulega að lyfta pollunum af þakinu svo vatnið fossaði niður, svo mikil var demban.“

En Hafnirfirðingar létu ekki veðrið stoppa sig og um 20 manns hlýddu á ljóð um sólina í óveðrinu, klætt regnfötum og vopnaðir regnhlífum. „Tinna í Álfabúðinni helti upp á kakó fyrir okkur svo öllum var hlýtt. Það kom ekki til greina að fresta atburðinum. Ef maður er alltaf að bíða eftir rétta veðrinu, réttu tímasetningunni osfrv. þá gerir maður aldrei neitt. Og eftir á að hyggja held ég að þetta hafi verið skemmtilegasti upplestur sem ég hef tekið þátt í. Það er nefnilega oft þannig að óvæntir atburðir hvetja mann til að finna skapandi lausnir sem manni hefði kannski aldrei dottið í hug annars. Þetta var kynngimögnuð stund og dynjandi regnið var bara dásamlegt undirspil fyrir ljóðalesturinn,“ bætir Eyrún við, sem er greinilega ánægð með velheppnaða stund í skrudgardi okkar Hafnirfirðinga.

Þúsundir í þurrviðri á Álfahátíð

Gríðarlega góð Jónsmessustemming í Hellisgerði

Álfahátíðin í Hellisgerði sl. sunnudag var mjög vel sótt og talið er að um þrjú þúsund manns hafi komið í Hellisgerði. Rigningin tók sér hvíld á meðan hátíðin stóð yfir og mikil og góð stemmning var í garðinum. Var Tinna Bessadóttir, annar skipuleggjanda hátíðarinnar afar ánægð með hátíðina en eyrnarlanga gesti mátti sjá um allt Hellisgerði.

Þórunn Antonia var kynnr á hátíðinni og landsliðsmaðurinn Ólafur Stefánsson sagði álfasögur auk þess ýmislegt fleira var í boði. Vöflluilmurinn angaði og ungr sem aldraðir nutu dagsins í Hellisgerði.



Ljóm.: Guðni Gíslason



Ljóm.: Guðni Gíslason




Ljóm.: Guðni Gíslason



Ljóm.: Annís Ljía Níelsdóttir



Ljóm.: Guðni Gíslason



Ljóm.: Guðni Gíslason



Ljóm.: Annís Ljía Níelsdóttir

Engin fata, ekkert vatnssull – bara svo miklu einfaldara og þægilegra að skúra.

Mamibot

Þráðlausa skúringavélin er komin aftur

Allir þeir sem kaupa vél hjá okkur og framvísa þessari ávísun fá vélina á **26.150.-** og auka blautmoppu sett með í kaupbæti.

Fullt verð: 32.390.-



I Heildverslun
Sími: 555-2585

Hvaleyrarbraut 35
www.ihverslun.is

Gildir til: 8. júlí

Vegagerðin vill Ofanbyggðarveg

Telur Ofanbyggðarveg milli Hafnarfjarðar og Kópavogs einu leiðina til að létta á umferð á Reykjanesbraut

Í nýrri skýrslu Vegagerðarinnar um sýn hennar á vegi á höfuðborgarsvæðinu til 2040 er m.a. fjallað um Ofanbyggðarveg milli Hafnarfjarðar og Kópavogs en vonir Hafnirfirdinga um að af slíkum vegi yrði hafa dvínað mjög á undanföllum árum. Birtist það m.a. í því að lega nýrrar Ásvallabrautar er sett í vegstæði sem ætlað var fyrir Ofanbyggðarveginn við Kaldárselsveg.

Í skýrslunni segir að lega Ofanbyggðarvegur sé skýr í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Í nýju aðalskipulagi Garðabæjar sé Álftanesvegur sýndur sem stofnvegur frá Ofanbyggðarvegi í Hafnirfirdi að Hafnarfjarðarvegi í Engidal með mismögum vegamótum við Reykjanesbraut. Ofanbyggðarvegur sé hins vegar felldur út frá Álftanesvegi að Arnarnesvegi. Í umsögn Vegagerðarinnar um aðalskipulag Garðabæjar segir m.a.:

„Eins og kemur fram í greinargerð með aðalskipulaginu þá stendur yfir vinna hjá SSH og Vegagerðinni við að greina framtíðarsýn fyrir stofnvegakerfið á höfuðborgarsvæðinu. Í þeirri vinnu verður Ofanbyggðarvegur væntanlega skilgreindur og fjallað um mikilvægi hans fyrir stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins.“

EINA LEIÐIN

Í skýrslunni segir að Ofanbyggðarvegur frá Kópavogi til Hafnarfjarðar sé eina leiðin sem hugsanlega gæti létt umferð á Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarvegi. Við að falla frá hugmyndum um Ofanbyggðarveg um Garðabæ verði öll umferð til framtíðar um núverandi vegi og þar með aukist enn mikilvægi þess að halda þjónustustigi á þeim háu. Minnt er á eftirfarandi grein úr Vegalögum:

„Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.“

Miðað við aðalskipulag Garðabæjar mun Ofanbyggðarvegur þannig vart

teljast til þjóðvega. Vegagerðin telur æskilegt að halda fyrri áætlun um Ofanbyggð.

Á aðalskipulagi Garðabæjar og Hafnarfjarðar er Álftanesvegur á milli Ofanbyggðarvegur og Hafnarfjarðarvegur í Garðabæ sýndur sem stofnvegur. Þessa vegar sé ekki getið í svæðisskipulagi.


Í skýrslunni segir einnig að sveitarfélög skulu tryggja að við vegamót

stofnvega við vegi í umsjá þeirra myndist ekki tafir sem hafi áhrif á afköst stofnvega.

Lögd er áhersla á að tryggja greiðar tengingar höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar við alþjóðlegar megin-gáttir, Reykjavíkurborg og Keflavíkurlugvöll. Reykjavíkurlugvöllur er ekki nefndur en Vegagerðin telur brýnt að tryggja greiðar samgöngur að flugvellinum.

HVERT VERÐUR FRAMHALDIÐ

Forvitnilegt verður að fylgjast með framhaldinu, hvort sveitarfélögin komi sér saman um Ofanbyggðarveg en reiknað hefur veið með því í skipulagi Hafnarfjarðarbæjar að hann komi í göngum í gegnum Vatnshlíðina en óvíst hefur verið með framhaldið í gegnum Garðabæ.



Lega Ofanbyggðarvegur er sýnd í gráu en mjög er óvíst um legu hans í gegnum Garðabæ að Arnarnesvegi.

Skipanir í helstu ráð og nefndir bæjarins

Skipað var í ráð og nefndir á fyrsta fundi bæjarstjórnar 20. júní sl. og skipunir í helstu ráð og nefndir eftirfarandi:

Bæjarráð

Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður, B
Kristinn Andersen, varaformaður, D
Ólafur Ingi Tómasson, D
Adda María Jóhannsdóttir, S
Jón Ingi Hákonarson, C
Guðlaug S. Kristjánsdóttir, L, áheymarfullt.
Sigurður Þ. Ragnarsson, M, áh. fulltr.

Fjölskylduráð

Valdimar Víðisson, formaður, B
Helga Ingólfssdóttir, varaformaður, D
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, D
Árni Rúnar Þorvaldsson, S

Sigurður Þ. Ragnarsson, M
Árni Stefán Guðjónsson, C, áh. fulltr.
Hulda Sólveig Jóhannsdóttir, L, áh. fulltr.
Fræðsluráð

Kristín María Thoroddsen, formaður, D
Margrét Vala Marteinsdóttir, varaform., B
Bergur Þorri Benjamínsson, D
Sigrún Sverrisdóttir, S
Birgir Örn Guðjónsson, L
Vaka Ágústsdóttir, áheymarfulltrúi
Bjarney Grendal Jóhannesd., M, áh. fulltr.

Skipulags- og byggingaráð

Ólafur Ingi Tómasson, formaður, D
Ágúst Bjarni Garðarsson, varaformaður, B
Lovísa Traustadóttir, D
Stefán Már Gunnlaugsson, S
Gísli Sveinbergsson, M

Ómar Ásbjörn Óskarsson, C, áh. fulltr.
Sigurður P. Sigmundsson, L, áh. fulltr.
Umhverfis- og framkvæmdaráð
Helga Ingólfssdóttir, formaður, D
Árni Rúnar Árnason, varaformaður, B
Skarphéðinn Orri Björnsson, D
Friðþjófur Helgi Karlsson, S
Helga Björg Amardóttir, L
Þórey S. Þórisdóttir, C, áheymarfulltrúi
Arnhildur Ásdís Kolbeins, M, áh. fulltr.

Hafnarstjórn

Kristín María Thoroddsen, formaður, D
Ágúst Bjarni Garðarsson, B
Magnús Ægír Magnússon, D
Jón Grétar Þórssón, S
Jón Ingi Hákonarson, C

Íþrótt- og tómsundanevnd

Brynjar Þór Gestsson, formaður, B
Tinna Hallbergssdóttir, varaformaður, D
Sigríður Ólafsdóttir, Háahvammi 11, S
Menningar- og ferðamálanefnd
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, formaður, D
Þórey Anna Matthíasdóttir, varaform., B
Sigurbjörg Anna Guðnadóttir, S

Bláfjallanevnd

Kristjana Ósk Jónsdóttir, D
Stjórn Reykjanessvags
Þórður Ingi Bjarnason, B
Stjórn Sorpu
Ágúst Bjarni Garðarsson, B


Allar skipanir má sjá á vef Hafnarfjarðarbæjar og á fjardarfrettir.is

Engin tilboð búrast

Breytingar á vegamótum Reykjanesbrautar og Fjarðarhrauns

Þegar opna átti tilboð í breytingar á vegamótum Reykjanesbrautar og Fjarðarhrauns við Kaplakrika þann 29. maí 2018 brá svo við að engin tilboð búrast í verkið.

Verkið félst í tvöföldun vinstri beygju frá Fjarðarhrauni inn á Reykjanesbraut til austurs og nýrri aðrein meðfram Kaplakrikalæk.



Lögma. Guðni Gleason

Verkið er ekki mjög stórt, 7.400 m² malbikun, 1 km af kantsteinum, 880 m af vegriðum, 60 m stoðvegur svo eitthvað sé nefnt. Breytingum í vegamótum átti að vera lokið 20. ágúst nk. og frágangi utan vega átti að ljúka 30. september 2018.

Kvíðinn stoppaði mig ekki

Útgáfutónleikar hjá Eyvindi Karlssyni í Gaflaraleikhúsinu á föstudag

Eyvindur Karlsson hefur fengið við tónlistarsköpun í á annan áratug og semur og flytur gjarnan tónlist undir listamannsnafninu One Bad Day. Hann hefur gengið með plötu í maganum í rúmlega tíu ár, en hún hefur setið á hakanum vegna kvíðaröskunar og annarra atriða. Kvíðinn hefur fram til þessa komið í veg fyrir að verkefnið klárast, en nú verður ekki aftur snúið. Platan kemur út á föstudaginn en sama kvöld kl. 21 verða útgáfutónleikar í Gaflaraleikhúsinu.

Eftir áralanga þrautagöngu, þar af þriggja ára upptökufurli, brá Eyvindur á það ráð að safna saman hópi velunnara, vina og ættingja og fá þá til að veita sér aðhald og þrýsting til að klára verkið.

Frítt söluverðmat

Sanngjörn sölupóknun

RE/MAX
FJÖRDUR

Ársæll Steinmóðsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
sími 896 6076 • as@remax.is

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“



Stuðningshópurinn sinni sínu hlutverki vel, platan kláraðist og hópfar-



mögnun í kringum útgáfuna gekk mjög vel.

Platan ber heitið A Bottle Full of Dreams. Eyvindur blæs til glæsilegra útgáfutónleika í Gaflaraleikhúsinu en þar stíga valinkunnir tónlistarmenn á svið með honum og flytja lögina af plötunni, og fjölda annarra sem hafa safnast í sarpinn í gegnum árin, meðal annars í leikhúsinu, en Eyvindur hefur getið sér gott orð fyrir leikhústónlist. Síðast vann Eyvindur einmitt við söngleikinn Í skugga Sveins í Gaflaraleikhúsinu, þar sem hann fór einnig með eitt aðalhlutverkanna, en sýningin hlaut nýverið Grímuverðlaun sem Barnasýning ársins. Hægt er að kaupa miða á midi.is og í leikhúsinu.

Sumarsund fyrir börn 4-10 ára



RioTintoAlcan
-styrkir barna- og unglingsstarf SH

Sundfélag Hafnarfjarðar verður með sundnámskeið fyrir börn, bæði synd og ósynd, í Ásvallalaug, Suðurbæjarlaug, Sundhöllinni og Lækjarshólalaug.

Námskeiðin standa yfir í tvær vikur, eða 10 skipti.

Tímabil í boði:

11. júní – 21. júní

26. júní – 6. júlí

9. júlí – 20. júlí

23. júlí – 3. ágúst

Bráðskemmtileg námskeið sem allir hafa gaman af!

Nánari upplýsingar og innritun má finna á

www.sh.is



Sundfélag Hafnarfjarðar - sh@sh.is - Sími 555 6830

SMÁUGLÝSINGAR

þjónusta

Bílaþrif. Kem og sæki. Þvottur og bón vermdar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í síma 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 sigill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

Garðsláttur í einum grænum.

Tek að mér garðslátt í smærri og stærri görðum. Hagstætt verð. Geri tilboð. Uppl. í s. 845 2100.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

ÍÞRÓTTIR

KNATTSPYRNA:

28. júní kl. 19.15, Grafarvogur

Fjölhir - Haukar, 1. deild kvenna

29. júní kl. 19.15, ÍR völlum, Skógarseli

ÍR - Haukar, 1. deild karla

2. júlí kl. 20, Kaplakrifi

FH - Stjarnan, úrvalsdeild karla

4. júlí kl. 19.15, Garðabær

Stjarnan - FH, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

FH - Valur: 2-4

Haukar - ÍR: 1-0

ÚRSLIT KARLA:

ÍA - FH: 0-1

Haukar - Þróttur R.: 2-5

Valur - FH: 2-1

FH mætir Lahti frá Finnlandi

Heimaleikur 19. júlí

FH mætir finnska liðinu Lahti í fyrstu umferð forkeppni Evrópu-UEFA en dregið var í höfuðstöðvum UEFA í Sviss 20. júní sl. Leikið verður 12. og 19. júlí og á FH heimaleikinn 19. júlí.

Lathi varð í þriðja sæti í finnsku úrvalsdeildinni 2008 og 2014 og bikarmeistarar 2017, 2013 og 2016. Liðið komst í þriðju umferð Evrópu-keppinnar 2009 en 2015 var liðið slegið út í fyrstu umferð af Elfsborg. Lathi er um 120 þús. manna borg um 100 km norðan Helsinki og er vinabær Akureyrar, vinabæjar Hafnarfjarðar.

Hægt að blanda saman misstórum ískúlum í nýrri ísbúð

Ísbúðin Herdís hefur opnað í Firði og býður upp á eigin ítalskan ís

Ný ísbúð var opnuð á jarðhæðinni í Firði 16. júní sl. Þetta er Ísbúðin Herdís en búð með þessu nafni hefur verið starfrækt á Rauðarárstíg 41 síðan í desember. Fólki streymdi í nýju ísbúðina í Firði á þjóðhátíðardeginum enda afbragðstími til að fá sér ís.

Ásgeir Herdísarson er eigandi Herdísar og segist hann framleiða allan ísinn sjálfur en hann stundaði nám við einn virtasta ísskóla Ítalíu. Vandað er til ígerðarinnar og segist Ásgeir sennilega vera með besta ítalska ísinn.

Þeir sem koma í Herdís þurfa ekki að vera með valkvíða því hægt er að fá að smakka ísinn og velja saman



Fjölbreytt úrval af ís er að finna í Ísbúðinni Herdís í Firði.



Ásgeir Herdísarson ásamt starfsmanni sínum í nýju ísbúðinni í Firði.

mismunandi stórar kúlur svo kaupandinn getur raðað ís saman í bragðveislu og jafnvel bætt við sósnum, hnetum og sælgæti. Ísinn er seldur eftir vigt og segir Ásgeir fólk fá ísinn á mjög sanngjörnu verði en hægt er að fá hann í vöffluformi eða í boxi.

Segir Ásgeir að viðbrögð viðskiptavina hafa verið mjög góð. Það sjáist einnig á Facebook síðu verslunarinnar.

„Við reynum að bjóða upp á mjög fjölbreyttan ís svo fjölskyldan geti komið saman og allir fengið eitthvað við sitt hæfi. Við bjóðum upp á sterkasta

úrvalið af veganís og reynum einnig að vera með sykurlausan ís til að mæta kröfum sem flestra. Við flytjum inn sósur og idýfur beint frá rótgrónu ítölsku fyrirtæki og því með bragð sem ekki finnst annars staðar. Þá bjóðum við upp á mjúkis og shake sem hægt er að fá með eðal ítölskum sósnum,“ segir Ásgeir sem hefur unnið myrkranna á milli við að láta draum sinn rætast við að gera frábæran ís.

AUGLÝSINGAR

Náðu til Hafnfirðinga

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

Ásvallabraut aftur til umræðu í skipulagsráði

Talið að komið hafi verið til móts við íbúa í Áslandi 3

Rétt fyrir kosningar var komið að samþykkt bæjarstjórnar á skipulagsbreytingum vegna legu Ásvallabrautar en þá brá svo við að ákveðið var að fresta afgreiðslunni fram yfir kosningar þó almennt hafi menn talið að komið hafi verið til móts við athugasemdir íbúa í Áslandi 3, m.a. með auknum hljóðvörnum.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar eftir kosningar og jafnframt þeim síðasta

fyrir sumarfrí var síðan samþykkt tillaga um að málinu verði vísað til skipulags- og byggingarráðs og var það samþykkt samhljóða með 11 greiddum atkvæðum.

Þó málið hafi fengið eðlilega meðferð í stjórnýslunni fyrir kosningar var vilji til að tryggja að nýir fulltrúar fengu tækifæri til að kynna sér málið nánar áður en það yrði endanlega afgreitt.



GRÓÐRARSTÖÐIN ÞÖLL

Tré og
runnar
í garðinn
þinn

v/Kaldárselsveg

555 6455 - 894 1268

www.skoghf.is



Rattleikur Hafnarfjarðar

Þú getur tekið þátt!

Stendur til 25. september



Markmiðið með leiknum er að hvetja til útivistar og náttúruskoðunar í fjölbreyttu landi upplands Hafnarfjarðar og um leið að vekja athygli á þeim fjölmörgu perlum sem leynast í okkar næsta nágrenni.

Í ár er þemað „þjóðleiðir“ og eru þátttakendur leiddir inn á hinu ýmsu fornu þjóðleiðir sem sumar hverjar eru vel merktar.

Á Ratleikskortinu eru 27 staðir merktir inn og þátttakendur leita að þessum merkjum og skrá á kortið lausnarnúmer. Sumir staðirnir eru í næsta nágrenni bæjarins og alls ekki erfitt að finna en aðrir er lengra frá og gefa þarf sér góðan tíma til að ganga að þeim.

Mikilvægast er að taka þátt en þeir sem finna a.m.k. 9 merki geta átt vona á vinningum sem Léttfetar og aðrir geta orðið Göngugarpar eða Prautakóngar. Náðu í kort og skoðuðu reglurnar – og taktu þátt!

Ratleikskortin má fá á sundstöðum, í bókasafninu, ráðhúsinu, bensinstöðvum, í Fjarðarkaupum, Fjallakofanun, Altis, og víðar.

Fylgstu með á www.facebook.com/ratleikur



Fjölmargir glæsilegir vinningar!



Fjallgrensbalar



Kýrskarð / Dalaleið



Hrauntungustígur



Hrauntunguskúti

Rósa fær sambærileg laun og Haraldur

Tvöföld bæjarstjóra laun greidd út í 6 mánuði

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar réð Rósu Guðbjartsdóttur, oddvita Sjálfstæðisflokksins, í starf bæjarstjóra Hafnarfjarðar til næstu 4 ára og endurnýjaði því ekki ráðningarsamning við Harald L. Haraldsson sem meirihluti Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar fékk í starf bæjarstjóra eftir síðustu kosningar.

Ráðningarsamningur var samþykktur á fyrsta fundi bæjarstjórnar með 7 atkvæðum gegn 4 og er hann sambærilegur við samning sem gerður var við Harald fyrir 4 árum síðan. Fóst mánaðarlaun eru 1,1 milljón kr. en auk þeirra



Rósa Guðbjartsdóttir ásamt Ágústi Bjarna Garðarssyni oddvita Framsóknar.

fær Rósa 50 tíma á mánuði í yfirvinnu, greiðslu fyrir 500 km akstur á mánuði, greiðslu fyrir kosnað af síma, nettingu og iðgjöldum af veikinda- og líffryggingu. Ekki er greitt sérstaklega fyrir setu bæjarstjóra á bæjarstjórnarfundum, fundum í ráðum, stjórnunum og nefndum hjá Hafnarfjarðarkaupstað.

FÆR BIÐLAUN Í 6 MÁNUÐI

Bæjarstjóri fær biðlaun í 6 mánuði eftir að hann lætur af starfi en þau skerðast þiggi hann laun vegna annarra starfa á þessu 6 mánaða tímabili.

Stærðfræðiaævintýri í Frakklandi

Víðistaðskóli í Erasmus+ verkefni með pólskum og frönskum skóla

Víðistaðskóli hefur sl. tvö ár verið þátttakandi í Erasmus+ verkefni, ásamt skóla í Frakklandi og öðrum í Póllandi. Verkefnið MATH 3.0 (Mathematic Amazing Trip through History) snérist um að segja sögu stærðfræðinnar og helstu uppgötvunar í gegnum tíðina. Verkefninu á Íslandi stýrðu Sólveig Kristjánsdóttir og Stefán Helgi Stefánsson stærðfræðikennarar. Farið var með sex nemendum til Póllands vor- ið 2017 og var sagt frá þeirri ferð hér í blaðinu sl. vor. Í nóvember 2017 komu svo kennarar og nemendur frá Póllandi og Frakklandi til Íslands og nú í maí fóru sex nemendur ásamt kennurum til Frakklands. Þeir nemendur sem fóru utan tóku á móti nemendum erlendis frá.

Segja þau Sólveig og Stefán Helgi þetta vera frábæra reynslu, bæði fyrir kennara og nemendur þar sem reynir á marga þætti. Íslensku nemendumir stóðu sig frábærlega og voru skóla og landi til sóma og báru af í kynningum á ensku. Verkefnin voru bæði hefðbundin en einnig var hugsað út fyrir boxið og unnin óhefðbundin verkefni. Verkefnum var skilað á Powerpoint, myndbandsupptökum, farið í



Íslensku þátttakendurnir, stolt með íslenska fánann í Frakklandi.


gegnum tölur í ýmsum verkefnum, gerð voru módel og tímalínur, vegalengdir voru mældar út frá skugga frá sól og reiknuð hornastærð og sett í samhengi við ummál jarðar, skoðuð var mæling á PI út frá tilraunum, sett voru upp leikrit o.fl. Að auki hafa tengsl myndast sem alltaf eru ómetanleg. Reynolds sem aldrei gleymist.

FERÐIN TIL FRAKKLANDS

Í maí fengum við, sex stelpur úr Víðistaðaskóla, það tækifæri að fara til Frakklands í heila viku á vegum Erasmus+ og gista heima hjá Frökkum sem höfðu komið til okkar í lok síðasta árs. Við lögðum af stað snemma morguns á sunnudegi og lentum í Brussel þrem tímum síðar. Þaðan keyrðum

við í leigubíl til Frakklands en á leiðinni var ótrúlega heitt. Þegar við komum þá fórum við allar í sitt hvora áttina og inn á okkar heimili. Það var mjög langt á milli allra heimilinna og sumar þurftu að taka lest í tvo klukkutíma til þess að koma í bæinn sem skólinn var í, Charleville-Mézières. Að koma var létt menningarsjokk en við vorum allar gríðalega spenntar fyrir komandi viku. Næsta dag mættum við í skólann sem krakkarnir eru í, heimsóttum bæjarstjórn og fórum svo í ratleik um bæinn og sáum þá mikið af honum. Á þriðjudeginum fórum við í tivolígarð sem var alveg æðislegur. Það voru mjög stór tæki, 70 metrar falltum, sem aðeins einn Íslendingur þorði í, og fullt annað

skemmtilegt! Við nutum dagsins þótt að það væri of heitt úti fyrir sex litla Íslendinga. Það sem okkur fannst skemmtilegast í ferðinni var að fara til Parísar, en það gerðum við á fimmtudeginum. Við sáum Louvre-safnið og Sigurbogann, svo röltum við niður Champs-Élysées þar sem versluðum. Eftir alla peningayösluna fórum við loksins að sjá Eiffelturmin en því miður fórum við



Við Eiffelturminn.

ekki upp í hann vegna tímalýsis því að sumir vildu frekar versla lengur, mestu vonbrigði ferðarinnar. Á föstudeginum var síðasti dagurinn okkar öll saman. Í skólanum var kveðjustund þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir



Fjölmennur nemendahópur sem tók þátt í verkefninu í Frakklandi.

Hjóluðu á milli messustaða

Sóknir Þjóðkirkjunnar í Hafnarfirði og Garðabæ sam- einuðust í hjólreiðamessu á

Jónsmessunni. Lagt var af stað frá Ástjarnarkirkju í Hafnarfirði og Víðalínarkirkju í

Garðabæ og hittust hóparnir við Hafnarfjarðarkirkju og hjóluðu þáttakendur að Víð-

staðakirkju og að lokum að Garðakirkju áður en haldið var heim. Var stutt helgistund á

hverjum stað en hjólreiðamessan hefur verið árlegur viðburður undanfárin ár.



ØLSTOFA
HAFNARFJARDAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

ØLSTOFA
HAFNARFJARDAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

stærðfræðikeppni og leikrit sem við höfðum búið til. Um kvöldið var haldið party og enginn Íslendingur var undir áhrifum áfengis sem betur fer. Við dönsuðum fram eftir kvöldi og það var svaka stuð. Um miðnætti tókum við teppi og kosí stöff út og lögðumst niður í þurra græna grasið og fylgðumst með stjórnunum. Það var mjög gaman að eyða síðustu stundinni með æðislegum vinahópi. Laugar- dagurinn fór svo í mismunandi upplifanir með okkar fjöl- skyldum í Frakklandi. Í ferð- inni mynduðust vinabönd sem munu endast út lífið. Þetta var ógleymanleg upplifun að taka þátt í þessu verkefni sem við erum ævinlega þakklátar fyrir að hafa verið huti af.

Takk fyrir mig,
Eva Bryndís Agústsdóttir,
einn hafnfirsku nemendanna.